

Hvað segja útskrifaðir nemendur?

Eitt af [markmiðum skólans](#) er að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms og því mikilvægt að fá svör frá útskrifuðum nemendum. Könnun var send í tölvupósti í mars 2022 til nemenda sem útskrifuðust vorið 2017. Alls útskrifuðust 171 stúdent þetta vor og vorum við með skráð 145 einkanettföng hjá þeim. Alls 83 svöruðu könnuninni sem gerir 57% svarhlutfall.

Markmið með könnuninni var að fá upplýsingar um hvort útskrifaðir nemendur hefðu farið í nám stúdentspróf eða stefni á að fara í nám, kanna viðhorf þeirra til námsins og skólans og hvort þeir telji að námið í skólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám, vinnu og/eða samfélagslega þátttöku.

Helstu niðurstöður

	Könnun vorið 2022: útskrifaðir vorið 2017	Könnun vorið 2019: Útskrifaðir vorið 2015
Fóru í nám eftir stúdentspróf	95%	88%
Voru búin að ákveða í hvaða nám þeir ætluðu þegar þeir voru í Kvennaskólanum	41%	26%
Töldu að námið í Kvennaskólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám	91%	85%
Töldu að miklar kröfur hefðu verið gerðar til þeirra í náminu	80%	67%
Töldu námið í Kvennaskólanum hafa verið of létt	5%	18%
Töldu að námið í skólanum hafa verið góðan undirbúning fyrir þátttöku á vinnumarkaði	63%	57%
Töldu að námið í Kvennaskólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir samfélagslega þátttöku	84%	81%
Töldu líklegt að þau myndu mæla með náminu í Kvennaskólanum	96%	91%

Langflestir fóru í nám eftir stúdentspróf eða 95%. Í könnuninni þá voru þátttakendur beðnir um að svara spurningunni: *Ef þú fórst í nám eftir stúdentsprófið úr Kvennaskólanum, í hvaða nám fórst þú?*

Mjög áhugavert að sjá í hversu fjölbreytt nám útskrifaðir nemendur fóru eftir stúdentsprófið. Flestir fóru í verkfræði (12), hjúkrunarfræði (9), sálfræði (8), kennaranám (6) og viðskiptafræði. En að auki fóru nemendur í: Dans, ensku, félagsráðgjöf, flugnám, grafíska hönnun, hagfræði, hljóðtækni, húsasmíði, íslensku, íþrótt- og heilsufræði, jarðfræði, klæðskeranám, nám í kvikmyndaskólanum, leikhúsförðun, lífefnafræði, lyfjafræði, læknisfræði, lögfræði, mannfræði, mannauðsstjórnun, opinbera stjórnsýslu, sagnfræði, sjávarútvegsfræði, sjúkráþjálfun, stílistanám, stjórn málafræði, stærðfræði, tannlæknisfræði, tónsmíðar, tölvunarfræði, uppeldis- og menntunarfræði, proskapjálfafræði og þýsku.

Sjá mynd:



Til viðbótar gafst þátttakendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í þremur opnum spurningum:

1. Nefndu það sem þér fannst vel gert og gott í náminu þínu í Kvennaskólanum

Það sem **flestir** nefndu var:

- *Góðir, hvetjandi og áhugasamir kennarar*
- *Mikill stuðningur og utanumhald*
- *Góður andi í skólanum*
- *Námið krefjandi en skemmtilegt og fjölbreytt*
- *Fjölbreyttir og áhugaverðir valáfangar*
- *Gott skipulag blanda af bekkjartímum og valtímum*
- *Gott félagslíf*

2. Hvað fannst þér betur mega fara varðandi námið í Kvennaskólanum

Það sem **flestir** nefndu var:

- *Leggja meiri áherslu á kennslu um fjármál, skatta, laun, forritun og almenna tölvukennslu*
- *Skipulag, framkvæmd og framboð raungreina- og stærðfræðiáfanga fyrir nemendur á félags- og hugvísindabraut*

3. Viltu koma einhverju sérstöku á framfæri

Það sem **flestir** nefndu var:

- *Ánægja með að hafa valið Kvennaskólann og þykir vænt um skólann*
- *Eiga góðar minningar frá skólanum*
- *Góðvild starfsfólks*

Þessar niðurstöður benda til þess að nemendur frá okkur telji sig vel undirbúna fyrir framhaldsnám og eru ánægðir með skólann sinn. Farið verður yfir ábendingar varðandi kennsluaðferðir, námsmat og framboð áfanga í ákveðnum námsgreinum með viðkomandi kennurum og/eða deildum.